



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

STARFSLÝSING júní 2022

Starfsheiti:	Sérfræðingur í málefnum barna
Svið:	Lögfræði- og velferðarsvið
Næsti yfirmaður:	Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs
Markmið:	<p>Að mæta þörfum og væntingum sveitarfélaga í málefnum barna, með áherslu á fræðslumál og félagsþjónustu, vera tengiliður við ríki og aðra samstarfsaðila með áherslu á samþættingu farsældarþjónustu í þágu barna. Að gæta hagsmuna sveitarfélaga út á við, fylgjast með þróun og stefnum í þjónustu við börn, vera til ráðgjafar við sveitarfélög og starfa með nefndum sambandsins.</p>
Ábyrgðarsvið:	Sérfræðingur ber ábyrgð gagnvart sviðsstjóra á þeim verkefnum sem honum eru falin.
Helstu verkefni:	<p>Starfar, ásamt öðrum sérfræðingum sambandsins að fjölbreyttum verkefnum á sviði fræðslumála og félagsþjónustu. Mikil áhersla er lögð á teymisvinnu. Helstu verkefni tengjast menntastefnu til 2030 og samþættingu farsældarþjónustu í þágu barna, sem m.a. snýr að leik- og grunnskólastarfi, frístundaþjónustu og annarri þjónustu við börn.</p> <p>Fylgist með því sem er að gerast í málefnum barna, innanlands sem utan og miðlar upplýsingum til sveitarfélaga/skólaskrifstofa.</p> <p>Tengiliður við fulltrúa sambandsins í nefndum og starfshópum sem sambandið á aðild að og miðlar upplýsingum til starfsmanna sambandsins og ráðgefandi nefnda um framvindu verkefna.</p> <p>Þátttaka í undirbúningi og framkvæmd viðburða sem sambandið stendur fyrir.</p> <p>Þátttaka í undirbúningi og framkvæmd námskeiða fyrir starfsmenn og kjörna fulltrúa sveitarfélaga.</p> <p>Þátttaka í starfi nefnda, stjórna og starfshópa, fundum og verkefnum með samstarfsstofnunum eftir því sem við á.</p> <p>Þátttaka í teymisfundum sambandsins.</p> <p>Þátttaka í undirbúningi nefndafunda</p>
Helstu samstarfsaðilar:	Mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntamálastofnun, Barna- og fjölskyldustofa, fulltrúar sambandsins í nefndum og starfshópum, og aðrir samstarfsaðilar og stofnanir.